

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 15

10. árgangur

20.3.2003

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
2003/EES/15/01		Ályktun ráðgjafarnefndar EES frá 26. júní 2002 um stækkun og framtíð EES	1
2003/EES/15/02		Ályktun ráðgjafarnefndar EES frá 26. júní 2002 um stjórnsýslu og félagslega ábyrgð fyrirtækja í heimi hnattvæðingar	5
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2003/EES/15/03		Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttar samninga sem takmarka samkeppni ekki merkjanlega samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins	11
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2003/EES/15/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3067 - Intesa/Capitalia/IMI Investimenti/Unicredito/Fidis Retail)	15
2003/EES/15/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3113 – General Electric/Jenbacher)	16
2003/EES/15/06		Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	17
	3.	Dómstóllinn	

EES-STOFNANIR

RÁÐGJAFARNEFND EES

ÁLYKTUN RÁÐGJAFARNEFNDAR EES

2003/EES/15/01

frá 26. júní 2002

um

stækkun og framtíð EES

1. BAKGRUNNUR

1.1. Í ráðgjafarnefnd EES (EEA-CC) eiga sæti fulltrúar frá öllum helstu hagsmunahópum EES-ríkjanna átján á sviði samfélags- og efnahagsmála. Nefndin er málsvari launþega, atvinnurekenda og annarra skipulagðra samfélagshópa í þessum löndum og er hluti af stofnanafyrirkomulagi EES.

1.2. Eftirfarandi ályktun um *stækkun ESB og framtíð EES* var samþykkt á 10. fundi ráðgjafarnefndar EES á Egilsstöðum 26. júní 2002. Skýrslugjafar voru Jon Ivar NÁLSUND frá ráðgjafarnefnd EFTA (CSC) og Filip HAMRO-DROTZ frá efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC).

2. INNGANGUR

2.1. Ráðgjafarnefnd EES hefur gert komandi stækkun ESB og EES að forgangsmáli eins og fram kemur í ályktunum um *forangsmál og verkefni við undirbúning stækkunar Evrópusambandsins* ⁽¹⁾ frá mars 1999 og *frjálsan flutning á starfsfólki í tengslum við stækkun ESB* ⁽²⁾ frá nóvember 2001.

2.2. Þar sem samningaviðræður um stækkun ESB eru að komast á lokastig og samkomulag um umbúnað og aðferðir við stækkunina er nú fram undan fjallar ályktunin fyrst og fremst um fyrirkomulag við stækkun EES og leiðir til að tryggja gagnkvæman ávinning almennra borgara og atvinnulífs hvarvetna innan EES fremur en innihald þessara samningaumleitana. Í ályktuninni verður einnig gerð úttekt á stöðu mála í EES-samstarfinu á þessum mikilvægu tímamótum í sögu Evrópska efnahagssvæðisins og horft til framtíðar EES eftir stækkunina.

3. STAÐA EES-SAMNINGSINS

3.1. Tíu ár eru liðin síðan EES-samningurinn var undirritaður hinn 2. maí 1992 í Oporto. Vel er staðið við

helsta markmið EES-samningsins um að skapa innri markað með samræmdum lagaramma hvarvetna innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sams konar skilyrði til samkeppni og sameiginlegar reglur á öðrum sviðum er varða innri markaðinn tryggja að fyrirtækjum og aðilum innan efnahagslífsins er veitt sama aðstaða hvarvetna innan EES.

3.2. Jafnframt því sem EES hefur náð því markmiði sem sett var í upphafi hefur þó það umhverfi sem samningurinn nær til breyst verulega.

3.3. Í fyrsta lagi dró verulega úr pólitísku vægi EES EFTA-ríkjanna við inngöngu Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar í ESB, og EFTA-hluti EES-markaðarins er nú mun minni en áður, bæði landfræðilega og efnahagslega ⁽³⁾. Með stækkun ESB mun hlutfallslegt vægi EFTA-hlutans í EES-samstarfinu minnka enn frekar. Með stærra og sundurleitara Evrópusambandi eykst einnig hættan á því að eitt ríki innan ESB-ráðsins geti mótmælt viðbótum við EES-samninginn verði ákvörðun með auknum meirihluti atkvæða ekki látin ná til samskipta við ríki sem standa utan ESB.

3.4. Í öðru lagi hefur samstarf ríkja innan ESB aukist verulega á ýmsum sviðum og slíkt hefur áhrif á starfsemi innri markaðarins. EES-samningurinn var gerður á grundvelli Rómarsáttmálans en bæði Maastricht-sáttmálinn og Amsterdamsáttmálinn, sem síðar komu til, hafa haft breytingar í för með sér fyrir skipulag í Evrópu, bæði hvað varðar innihald og uppbyggingu. Stækkun ESB er á góðri leið, nýr sameiginlegur gjaldmiðill, evran, hefur haslað sér völl, og samstarf í dóms- og innanríkismálum hefur verið eft. Enn fremur hefur Lissabon-áætlunin með sínum stjórnsýslufyrirmælum, úttektum og árangursmælingum skapað nýjar samstarfsaðferðir innan ESB. Til að tryggja sé að EES-samningurinn fái staðist til framtíðar er mjög áriðandi að vinna upp þá þróun sem helst hefur átt sér stað innan ESB síðan samningurinn var gerður.

⁽¹⁾ C/20/R/003 – CES 1477/98 (skýrslugjafar: Hamro-Drotz/Skúlason/Brunhart)

⁽²⁾ C/20/R/003 – CES 53/2001 (skýrslugjafar: Jaschick/Gudmundsdóttir/Taddei)

⁽³⁾ Að EES-samningnum stóðu tólf aðildarríki EB og EFTA-ríkin sjö, og u.þ.b. 25% af allri utanríkisverslun EB voru á vegum EFTA-ríkjanna. Núna eru innan við 5% af utanríkisverslun ESB á vegum EES EFTA-ríkjanna þriggja.

3.5. Til að tryggja lagalega einsleitni innri markaðarins hvetur ráðgjafarnefnd EES alla aðila að EES-samningnum til að uppfæra samninginn, og setja inn í hann þær breytingar á EB-sáttmálanum sem komu fram í bæði Maastricht-sáttmálanum og Amsterdam-sáttmálanum og hafa áhrif innan EES.

4. STÆKKUN ESB OG EES

4.1. Sú stækkun ESB sem stendur fyrir dyrum mun einnig leiða til stækkunar EES. Þegar umsóknarlöndin verða aðilar að ESB verða þau samkvæmt 128. grein EES-samningsins einnig að sækja um að verða aðilar að EES-samningnum ⁽¹⁾.

4.2. Ráðgjafarnefndin styður stækkun ESB og EES þar sem hún mun verða til hagsbóta fyrir íbúa og neytendur jafnt sem fyrirtæki – bæði í núverandi EES-löndum og þeim aðildarríkjum sem eru að hljóta inngöngu. Ráðgjafarnefndin fagnar þeim mikla árangri sem náðst hefur í umræðum um stækkun innan ESB og hvetur framkvæmdastjórn ESB og ESB-ríkin til að fylgja honum fast eftir og ljúka samningaviðræðum við þau umsóknarríki sem lengst eru komin í ferlinu fyrir árslok 2002.

5. TÆKIFÆRI SEM STÆKKUN ESB OG EES SKAPA

5.1. Stækkun ESB mun verða til hagsbóta fyrir Evrópu í heild. Því er það EFTA-löndunum jafnmikilvægt og ESB-ríkjunum og öðrum Evrópuríkjum að góður árangur náist í stækkunarferlinu. Stækkun ESB er vitni um friðsamlega sameiningu Evrópu á ný eftir áralangan og erfiðan ágreining og átök sem settu mark sitt á tuttugustu öldina. Draga má þann lærdóm af liðinni tíð að samruni sé eina ráðið til að sigrast á fortíðinni og byggja upp friðsæla, trausta og hagsæla framtíð í Evrópu. Stækkun mun ekki aðeins veita fleiri löndum stöðugleika og öryggi, hún mun einnig festa í sessi þær pólitísku og efnahagslegu umbreytingar sem átt hafa sér stað í Mið- og Austur-Evrópu á undanförunum áratug.

5.2. Stærri innri markaður mun skapa fjölda nýrra tækifæra. Með 500 milljónir íbúa mun Evrópska efnahagssvæðið verða stærsti óskipti markaður í heimi – svæði án landamæra þar sem flutningur á vörum, þjónustu, fjármagni og fólki er frjálfs. Stærri innri markaður mun ekki aðeins verða stærri í bókstaflegri merkingu, heldur mun hann einnig auðgast og styrkjast með aukinni fjölbreytni.

5.3. Útþensla EES til Mið- og Austur-Evrópu hefur aukna samkeppni fyrirtækja og atvinnulífs í för með sér innan EES og ný tækifæri munu gefast með stærri innri markaði. Aðilar innan efnahagslífsins munu almennt njóta góðs af traustara og

stöðugra viðskiptaumhverfi í löndum Mið- og Austur-Evrópu og hagvexti á þessu svæði. Enn fremur mun fjármálaþjónusta aukast – en það er svið sem núgildandi fríverslunarsamningar ná ekki til.

6. STÆKKUN ESB: KNÝJANDI VERKEFNI HJÁ EES EFTA-RÍKJUNUM

6.1. *Stækkun ESB og EES er öllum viðkomandi aðilum til hagsbóta*

6.1.1. Heildarmat ráðgjafarnefndar EES á stækkun ESB og EES er á þann veg að hún muni verða öllum viðkomandi aðilum til mikilla hagsbóta. Stækkun hefur þó tiltekin verkefni í för með sér sem EES EFTA-ríkin verða að bregðast við.

6.1.2. Almennt séð veldur stækkun ESB því að ójafnvægi mun aukast enn meira en orðið er milli þeirra stöða sem ESB og EFTA mynda í EES-samstarfinu og við því verða EES EFTA-ríkin að bregðast. Hvað snertir tæknilegri þætti stækkunar EES á enn eftir að varpa skýru ljósi á ferlið og tímasetninguna og er það töluvert áhyggjuefni. Sérstök áskorun sem EES EFTA-ríkin standa frammi fyrir er áhrif stækkunarinnar á fiskútflutning til hinna nýju aðildarríkja í Mið- og Austur-Evrópu.

6.1.3. Álit ráðgjafarnefndar EES er þó í heildina á þann veg að flest rök hnígi eindregið að því að stækkun ESB og EES sé ákjósanleg.

6.2. *Aukið ójafnvægi milli EFTA- og ESB-stoðanna í EES-samstarfinu*

6.2.1. Ójafnvægið milli EFTA- og ESB-stoðanna í EES-samstarfinu mun aukast til muna við stækkun ESB og mun ef til vill leiða til frekari jaðarstöðu EES EFTA-ríkjanna í Evrópu. Það mun verða EES EFTA-ríkjunum mikil áskorun að afla skilnings á sjónarmiðum EFTA innan nærri þrjátíu landa ESB.

6.2.2. Enn fremur hefur framkvæmdastjórn ESB orðið að greina skýrar á milli aðila að ESB og þeirra sem standa fyrir utan það, þar sem sífellt fleiri lönd knýja á um inngöngu í Evrópusambandið. Þessi greinarmunur kemur EES EFTA-ríkjunum ekki alltaf til góða þegar um þátttöku þeirra í EB-nefndum er að ræða.

6.2.3. Út frá því sjónarmiði hvetur ráðgjafarnefndin EES EFTA-ríkin til að leggja meiri áherslu á að byggja upp nánari tengsl við umsóknarríkin til að tryggja að betri skilningur skapist á báða bóga.

⁽¹⁾ Grein 128.1 í EES-samningnum kveður á um skilyrði fyrir stækkun EES: "1. Sérhvert Evrópuríki sem verður aðili að EB verður að sækja um aðild að þessum samningi, og Sviss eða sérhvert Evrópuríki sem verður aðili að EFTA geta sótt um aðild að honum. Umsóknir skal senda til EES-ráðsins."

6.3. Fyrirkomulag við stækkun EES

6.3.1. Enda þótt óhugsandi sé út frá pólitísku sjónarmiði að hin nýju aðildarríki ESB sameinist ekki EES þá inniheldur samningurinn nokkuð óskýr ákvæði um stækkun EES.⁽¹⁾ Það er til dæmis ekki ljóst í ákvæðum EES-samningsins hvenær þau ríki sem ganga í ESB ættu að sækja um aðild að EES, hvers konar samningaviðræðna megi vænta eða hvenær innganga í EES ætti að fara fram.

6.3.2. Þar sem líklegt er að fyrstu samningaviðræðum um ESB-aðild ljúki á þessu ári er ekki mikill tími til stefnu til að ná samkomulagi um stækkun EES ef ná skal því marki að stækkun beggja fari fram samtímis. Ráðgjafarnefndin harmar því að umræður milli ESB og EES EFTA-ríkjanna um fyrirkomulag við stækkun EES skyldu ekki hefjast fyrr en á árinu 2001. Það vekur þó góðar vonir hve vel hefur miðað á undanförunum mánuðum og að ESB og EFTA-ríkin hafi náð samkomulagi um nauðsyn þess að stækkun ESB og EES fari fram samtímis. Ráðgjafarnefnd EES hvetur báða aðila til að tryggja að samkomulag um hvaða aðferðum skuli beita við stækkun EES verði gert án tafar.

6.3.3. EES EFTA-ríkin taka ekki þátt í aðildarviðræðum við umsóknarlönd eins og ESB-ríkin og þurfa því að fá traustar upplýsingar um stækkunarferlið með reglulegu millibili til að geta undirbúið efnislegar breytingar við löggjöfina. Þar sem hagnýt þörf er fyrir að ákvarðanaferli um inngöngu í EES og ESB fari fram samtímis til að tryggja einsleitni EES er afar mikilvægt að upplýsingar um stækkunarferlið berist jafnóðum til EFTA-ríkjanna. Óvissa og skortur á upplýsingum um mögulegan aðlögunartíma er áhyggjuefni. Leggja verður áherslu á að tryggja að hugsanlegur aðlögunartími raski ekki samkeppni innan EES.

6.3.4. Ráðgjafarnefndinni skilst að stækkun EES muni að öllum líkindum ekki krefjast yfirgripsmikilla viðbótarumræðna. Nefndin harmar þó að aðilar vinnumarkaðarins innan EES hafi hvorki fengið fullnægjandi upplýsingar né samráð við þá haft um ferli eða innihald viðræðna. Þar sem stækkun mun hafa áhrif á íbúa jafnt sem fyrirtæki ítrekar ráðgjafarnefndin þörfina á því að ráðin verði bót á þessu máli. Ráðgjafarnefndin er jafnframt samþykkt sameiginlegri ábyrgð á dreifingu upplýsinga um EES-samninginn meðal aðila vinnumarkaðarins í umsóknarlöndunum.

6.4. Verslun með fisk og aðrar sjávarafurðir

6.4.1. Mikilvægasta verkefnið sem EES EFTA-ríkin standa frammi fyrir við stækkunina – og það sem hlotið hefur besta umfjöllun hingað til – er fiskútflutningur til hinna nýju ESB EES-ríkja í Mið- og Austur-Evrópu.

6.4.2. EFTA-ríkin hafa gert fríverslunarsamninga við öll umsóknarlönd ESB nema Kýpur og Möltu. Samningarnir veita tollfrjálsan aðgang að mörkuðum fyrir allar iðnaðarvörur og sjávarafurðir með örfáum minni háttar undantekningum. Með inngöngu umsóknarlandanna í ESB munu þessir samningar falla úr gildi og bókun níu í EES-samningnum um *verslun með fisk og aðrar sjávarafurðir* mun gilda um skilyrði fyrir viðskiptum við hin nýju aðildarríki. Þar sem skilyrðin í bókun níu eru óhagstæðari en núgildandi fríverslunarsamningar verða afleiðingarnar þær að stækkunin mun bitna á verslun með sjávarafurðir milli EES EFTA-ríkjanna og væntanlegra aðildarríkja. Enn fremur verða tollar sem samkeppnisaðilar þurfa að greiða núna við útflutning til Mið- og Austur-Evrópu felldir niður þegar stækkunin fer fram og það verður til þess að útflytjendur innan EES EFTA-ríkjanna standa að tvennu leyti höllum fæti.

6.4.3. Þegar Austurríki, Finnland og Svíþjóð gengu í Evrópusambandið sömdu Norðmenn og Íslendingar um bætur vegna þess að þeir töpuðu markaði á sviði sjávarafurða. Þeim var úthlutað tilteknum tollfrjálsum kvóta á þær tegundir sem hart urðu úti og var hann reiknaður út á grundvelli útflutnings til viðkomandi landa fram að þeim tíma. Það væri alls ekki viðunandi að beita sömu aðferð gagnvart Mið- og Austur-Evrópu því að það myndi í raun koma í veg fyrir að íslenskir og norskir fiskútflýtjendur gætu haft ávinning af hinum vaxandi markaði fyrir fiskafurðir í Mið- og Austur-Evrópu. Austurríki, Finnland og Svíþjóð voru öll rötgróin markaðssvæði en markaður fyrir sjávarafurðir í löndum Mið- og Austur-Evrópu mun óhjákvæmilega fara ört vaxandi á næstu árum. Ráðgjafarnefndin litur svo á að framsýni verði að gæta við allar ráðstafanir varðandi fiskafurðir, fremur en tekið sé einfalt mið af viðskiptaútreikningum síðustu ára.

6.4.4. Þar sem verslun með fisk og aðrar sjávarafurðir er helsta undantekningin frá hinum almennt jákvæðu áhrifum sem reiknað er með að stækkunin hafi á fyrirtæki innan EES EFTA hvetur ráðgjafarnefndin alla aðila til að leggja hart að sér við að ná viðunandi lausn á stækkun EES á þessu sviði.

7. AÐSTOÐ VIÐ LÖND SEM SÆKJA UM AÐILD AÐ ESB OG EES

7.1. Ráðgjafarnefndinni er umhugað um að jöfn skilyrði verði sköpuð hvarvetna innan EES eftir stækkunina og ítrekar þá skoðun sína að ESB-löggjöfinni skuli nákvæmlega fylgt í hinum nýju aðildarríkjum til að stuðla að endurbótum á félagslegu sviði og í umhverfismálum. Sjálfbær þróun og skilvirkt velferðarkerfi eru vissulega forsendur öflugs hagvaxtar til framtíðar. Ráðgjafarnefndin fagnar því þeim aukna áhuga ESB á að löggjöfinni verði í raun framfylgt í umsóknarlöndunum. Vilji EES EFTA-ríkjanna til að taka þátt í

⁽¹⁾ Grein 128.2 í EES-samningnum kveður á um skilyrði fyrir stækkun EES: "2. Skilyrði fyrir aðild skulu vera samkomulagsatriði milli samningsaðila og umsóknarríkis. Leggja þarf slíkt samkomulag fyrir alla samningsaðila til staðfestingar eða samþykktar í samræmi við starfsreglur þeirra."

úttektum á umsóknarríkjunum er einnig mjög jákvætt dæmi um það hvernig hægt er að eiga hlutdeild að stækkunarferli ESB. Slíkt mun hjálpa væntanlegum aðildarríkjum við að ná settu marki á öllum stjórnsýslustigum og veita EES EFTA-ríkjunum mikilvæga reynslu varðandi aðstæður í þessum löndum.

7.2. Hins vegar munu umsóknarríkin þurfa á aðstoð að halda við að framfylgja löggjöfnni án þess að ganga of nærri fjármálum hins opinbera. Því er búist við að EES EFTA-ríkin verði, eins og öll fimmtán aðildarríki ESB, beðin um að veita hinum nýju aðildarríkjum aðgang að fjárframlögum. Þar sem skoða verður slíka fjármögnun í víðara samhengi hvetur ráðgjafarnefndin EES EFTA-ríkin til að leggja fram ákveðnar tillögur þar að lútandi með tilliti til eigin forgangsmála. Þar mun reynslan af rekstri þróunarsjóða EES koma að góðu haldi. Með því að leggja fram ákveðnar tillögur með góðum fyrirvara, áður en líklegt er að farið verði fram á frekari fjárstuðning vegna kostnaðar við stækkun ESB og EES, geta EES EFTA-ríkin aukið möguleika sína á því að beina þessum styrkjum í þann farveg sem einnig mun þjóna hagsmunum EES EFTA-ríkjana innan ESB eftir stækkunina.

8. YFIRLIT YFIR NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR

8.1. EES-samningurinn er enn vel starfhæfur, tíu árum eftir undirritun hans, þar sem hann uppfyllir þau markmið sem sett voru í upphafi. Það umhverfi sem samningurinn nær til hefur þó breyst verulega með yfirgrípsmiklum breytingum á EB-sáttmálanum sem gerðar voru í Maastricht og Amsterdam, auk annarrar þróunar innan ESB sem áhrif hefur á starfsemi innri markaðarins. Ráðgjafarnefnd EES hvetur til þess að EES-samningurinn verði uppfærður í þeim tilgangi að tryggja lagalega einsleitni á innri markaðinum.

8.2. Ráðgjafarnefndin styður stækkun ESB og EES þar sem hún mun verða til hagsbóta fyrir Evrópu í heild sinni og skapa fjölda nýrra tækifæra fyrir íbúa og neytendur jafnt sem fyrirtæki. Nefndin hvetur ESB til að fylgja eftir þeim árangri sem náðst hefur og ljúka samningaviðræðum við þau umsóknarríki sem lengst eru komin í ferlinu fyrir árslok 2002.

8.3. Stækkun hefur þó tiltekin verkefni í för með sér sem EES EFTA-ríkin verða að bregðast við. Almennt séð mun ójafnvægið aukast milli ESB- og EFTA-stoðanna í EES-samstarfinu. Til að draga úr þessum vanda vill ráðgjafarnefndin að efnt verði til nánari tengsla milli umsóknarlandanna og EES EFTA-ríkjana til að tryggja að betri skilningur skapist á báða bóga.

8.4. Hvað snertir tæknilegri þætti vegna stækkunar EES er enn eftir að varpa skýrara ljósi á ferlið og tímasetninguna og það er töluvert áhyggjuefni. Þar sem líklegt er að fyrstu samningaviðræðum um ESB-aðild ljúki á þessu ári er ekki mikill tími til stefnu til að ná samkomulagi um stækkun EES ef ná skal því marki að stækkun beggja fari fram samtímis. Ráðgjafarnefnd EES hvetur báða aðila til að tryggja að samkomulag um hvaða aðferðum skuli beita við stækkun EES verði gert án tafar.

8.5. Brýnasta verkefni EES EFTA-ríkjana við stækkunin er að takast á við þau áhrif sem hún mun hafa á fiskútflutning þeirra til hinna nýju aðildarríkja ESB og EES í Mið- og Austur-Evrópu þegar núgildandi fríverslunarsamningar við þessi lönd falla úr gildi. Ráðgjafarnefndin hvetur alla viðkomandi aðila til að leggja hart að sér við að finna viðunandi lausn á stækkun EES á þessu sviði og lítur svo á að framsýni verði að gæta við allar ráðstafanir varðandi fiskafurðir, fremur en tekið sé einfalt mið af viðskiptaútreikningum síðustu ára.

8.6. Álit ráðgjafarnefndar EES er þó í heildina á þann veg að flest rök hnígi eindregið að því að stækkun ESB og EES sé ákjósanleg.

8.7. Ráðgjafarnefndinni er umhugað um að jöfn skilyrði verði sköpuð hvarvetna innan EES eftir stækkunina og leggur áherslu á nauðsyn þess að löggjöfnni verði nákvæmlega framfylgt í hinum nýju aðildarríkjum. Jafnframt er nefndinni ljóst að vænta megi þess að öll EES EFTA-ríki verði beðin um að veita hinum nýju aðildarríkjum aðgang að fjárframlögum. Nefndin hvetur EES EFTA-ríkin til að leggja fram ákveðnar tillögur um leiðir til að beina slíkum framlögum í þann farveg sem einnig mun þjóna hagsmunum EES EFTA innan ESB eftir stækkunina.

ÁLYKTUN RÁÐGJAFARNEFNDAR EES

2003/EES/15/02

frá 26. júní 2002

um

stjórnsýslu og félagslega ábyrgð fyrirtækja í heimi hnattvæðingar

1. BAKGRUNNUR

1.1. Í ráðgjafarnefnd EES (EEA-CC) eiga sæti fulltrúar frá öllum helstu hagsmunahópum EES-rikkanna átján á sviði samfélags- og efnahagsmála. Nefndin er málsvari launþega, atvinnurekenda og annarra skipulagðra samfélagshópa í þessum löndum og er hluti af stofnanafyrirkomulagi EES.

1.2. Eftirfarandi ályktun um *stjórnsýslu og félagslega ábyrgð fyrirtækja í heimi hnattvæðingar* var samþykkt á 10. fundi ráðgjafarnefndar EES á Egilsstöðum 26. júní 2002. Skýrslugjafar voru Áse ERDAL frá ráðgjafarnefnd EFTA (CSC) og Uno WESTERLUND frá efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC).

2. FRÁ EVRÓPSKRI STJÓRNUN TIL „EVROPSKRAR STJÓRNSÝSLU“

2.1. Hnattvæðing markaða hefur á undanförunum áratugum leitt til breytinga á stjórnarfyrirkomulagi ríkja. Í stuttu máli sagt hefur *stjórnsýsla* á „samkomulagsgrundvelli“ yfirtekið að hluta til *stjórnun* á þingræðisgrunni. Þessa þróun má greinilega sjá á öllum stigum: í bæjar- og sveitarfélögum, á svæðis- og landsvísu, í Evrópu og á heimsvísu.

2.2. *Stjórnun* vísar til hefðbundinnar ríkisstjórnar sem byggist á stofnanaveldi og stefnumótandi reglum og reglugerðum. *Stjórnsýsla* er stjórnarfyrirkomulag þar sem hópar eða einstaklingar frá ýmsum stofnunum, samtökum, fyrirtækjum og sviðum starfa bæði innan tengslaneta og í opinberum og einkareknum félögum. Með umræðum og hvers kyns samningaumleitunum er efnt til samkomulags og samninga sem skapa grundvöllinn fyrir ákvarðanatökur í framtíðinni ⁽¹⁾.

2.3. Stjórnsýsla á samkomulagsgrundvelli hefur einkum þróast innan Evrópusambandsins þar sem fjöldi sjónarmiða fullvalda ríkja er ræddur á Evrópuvísu.

2.4. Stjórnsýsla á samkomulagsgrundvelli sneiðir á vissan hátt hjá hefðbundnu þingræði lýðræðisríkja eins og það hefur tíðkast í Evrópu á liðinni öld. Þess í stað er ríkjum í auknum mæli stjórnað á grundvelli lagalegra samninga eins og löggjöf Evrópusambandsins, og undir eftirliti framkvæmdastjórnarinnar.

2.5. Fræðimenn halda því fram að árið 1992 hafi markað endalok hefðbundins lýðræðis því að þá hafi stjórnun fullvalda ríkja vikið fyrir umsaminni *stjórnsýslu á samkomulagsgrundvelli*. Á síðastliðnum áratug hefur sú breyting átt sér stað að alþjóðleg reglugerðastjórnsýsla sem byggist á samstarfi og tengslum hefur tekið við af stjórnkerfi þar sem þjóðþing voru ríkjandi.

2.6. Efasemdir um evrópska stjórnsýslu geta átt rætur að rekja til vantrausts fólks á þeim samkomulagsgrundvelli sem Evrópusambandið byggir á. Fólk hefur meiri trú á hefðbundnu fyrirkomulagi þjóðríkisins og stjórnkerfi þess, ef til vill vegna þess að það telur að í slíku kerfi sé hægt að kalla til ábyrgðar.

2.7. Framkvæmdastjórn ESB hefur – eins og Prodi, formaður framkvæmdastjórnarinnar orðar það – beint sjónum sínum að „lýðræði í Evrópu og hvernig það virkar, hvers vegna það virkar ekki betur en raun ber vitni og hverjar framtíðarhorfur þess eru“. Með því móti beinir framkvæmdastjórnin sjónum að þeim vanmætti og firringu sem margir Evrópubúar finna til gagnvart Evrópusambandinu. Þrátt fyrir þann árangur sem náðst hefur innan ESB er mikið óöryggi ríkjandi um sambandið, hvað í því felst og hver áformin eru, um landfræðileg mörk, pólitísk markmið og á hvern hátt völdum er deilt með aðildarríkjum þess.

2.8. Ráðgjafarnefnd EES fagnar því að framkvæmdastjórnin sé farin að taka þessi málefni til skoðunar. Ráðgjafarnefndin veitir því þó eftirtekt að í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um stjórnsýslu er allri umfjöllun um þann vanda sem liggur að baki stjórnsýslu sleppt.

2.9. Starf framkvæmdastjórnarinnar á sviði stjórnsýslu byggist á fimm pólitískum meginreglum, þ.e. opinni umræðu, þátttöku, ábyrgð, árangri og samræmi. Sambandið ætti að hafa þessar reglur að leiðarljósi við það hvernig því valdi sem íbúar aðildarlandanna treysta því fyrir er beitt og hvernig koma skuli á breytingum. Talið er að miklum árangri megi ná með endurbótum samkvæmt ákvæðum sáttmálans eins og hann er nú. Á hinn bóginn er vitað mál að undarlegt væri að slíta umræðuna um evrópska stjórnsýslu úr samhengi við þá almennu umræðu um framtíð Evrópu sem hófst í Nice, þar sem um tvær hliðar á sama máli er að ræða.

2.10. Ráðgjafarnefnd EES styður meginreglurnar fimm og bendir á að í þeim séu fölgirnir þeir þættir sem almennt eru skoðaðir sem megininntak *lýðræðis og gegnsæis*.

⁽¹⁾ Noralv Veggeland: „The EU Deficit of Legitimacy and Democracy: The theoretical debate on conceptualisation“, Lillehammer University College Research Report 81/2001.

3. NÝ STJÓRNSÝSLA INNAN ESB OG ÁHRIF HENNAR Á EES

3.1. Almenn áhrif á EES

3.1.1. Ákvörðun ESB um að efla evrópska stjórnsýslu kann að hringja af stað bylgju endurbóta á stjórnsýslu í Evrópu. Slíkar breytingar hljóta að hafa áhrif á EES EFTA-ríkin og EES. Ljóst er að allar endurnýjanir á pólitísku ferli og ákvarðanakerfi innan ESB munu hafa áhrif á EES. Fella verður nýja löggjöf ESB varðandi innri markaðinn inn í EES-samninginn, og þar með hefur það vægi innan EES hvernig ákvarðanatöku fer fram innan ESB og hver gæði og virkni löggjafarinnar eru, sem og hve einföld hún er. Auk þess ættu hvarfingir um opnari umræðu og aukna kynningu innan ESB einnig að ná til EES-samstarfsins.

3.1.2. Ráðgjafarnefnd EES fer fram á að framkvæmdastjórn ESB hugi vel að því hvaða áhrif breytinganna á pólitísku ferli innan ESB kunni að hafa á starfsemi EES.

3.2. Meiri tengsl og opnari umræða

3.2.1. Kynning og umræður

3.2.1.1. Lýðræði byggist á því að fólki sé gert kleift að taka þátt í opinberri umræðu. Þá verður það að hafa aðgang að traustum upplýsingum og geta fylgst vandlega með stefnumótuninni á hinum ýmsu stigum. Ráðgjafarnefnd EES fagnar því tillögu framkvæmdastjórnarinnar um að gerðar verði ráðstafanir sem stuðli að því að starfsaðferðir Evrópustofnananna verði gegnsærri og betur kynntar. Því opnari sem stefnumótunin er innan ESB þeim mun auðveldara verður fyrir almenning, aðila vinnumarkaðarins, borgaraleg samtök og aðra pólitíska aðila í Evrópu að hafa áhrif á mótun og kynningu á markmiðum og aðgerðum ESB, öðlast skilning á þeim í heild sinni og leggja sanngjarnt mat á þær

3.2.1.2. Starfsaðferðir í EES-samstarfinu eru nokkuð óljósar og fólk hefur almennt mjög takmarkaðan aðgang að flestum EES-skjölum. Slíkt er ekki til að auka innsýn þess í EES-samninginn og skilning á skilvirkni hans. Ráðgjafarnefndin fer því fram á meira gegnsæi innan EES og að reglur og leiðbeiningar um aðgang almennings að EES-skjölum verði endurbættar. Enn fremur ætti að gera ráðstafanir til að auka þátttöku annarra aðila en stjórnvalda í starfsemi EES, svo sem aðila vinnumarkaðarins.

3.2.1.3. Í EES EFTA-ríkjunum skortir einnig töluvert á að nægjanlegu ljósi sé varpað á pólitískt inntak EES-samningsins og áhrif hans á lands-, svæðis- og sveitarstjórnarvísu. Lagaleg og „ópólitísk“ skoðun á EES-samningnum hefur óhagstæð áhrif á skilning manna og þar með á lýðræðislega umræðu um Evrópumálefni á öllum pólitískum stigum.

3.2.2. Þátttaka sveitarfélaga og svæðisstjórna

3.2.2.1. Hvítbókin um evrópska stjórnsýslu hvetur til meiri þátttöku sveitarfélaga og svæðisstjórna við stefnumótun

innan ESB, og jafnframt nánari samvinnu við að innleiða löggjöf ESB. Hvítbókin leggur sérstaka áherslu á evrópsk samtök sveitarfélaga og svæðisstjórna og svæðanefnd ESB (Committee of the Regions). Með aðild að Evrópuráði sveitar- og svæðisstjórna myndu samtök sveitarfélaga og svæðisstjórna í EES EFTA-ríkjunum hafa meiri áhrif á stefnumótun innan ESB þar sem slík regnhlífarsamtök í Evrópu hlýtu aukid vægi.

3.2.2.2. Þó ber að hafa í huga að svæðanefnd ESB var ekki komin til sögunnar þegar samið var um EES og því eru engin ákvæði í samningnum um samstarf sveitarfélaga og svæðisstjórna innan EES. Ráðgjafarnefndin vekur athygli á því að ákvæði vantar í EES-samninginn um samstarf milli lýðræðislega kosinna fulltrúa í sveitarfélögum og svæðisstjórnunum innan EES. Slík ákvæði væru gagnleg í ljósi þess að sveitarfélög og svæðisstjórnir annast útfærslu og framkvæmd EES löggjafarinnar að miklu leyti.

3.2.2.3. Í hvítbókinni um stjórnsýslu leggur framkvæmdastjórn ESB til að komið verði á þriðliða samningnum milli yfirvalda í Evrópu, ríkisstjórna og sveitar- og svæðisstjórna, til að meiri sveigjanleiki gæti við útfærslu á evrópskum lögum. Með slíkri nýjung í fyrirkomulagi verður skortur á viðeigandi ákvæðum um samstarf milli sveitarfélaga og svæðisstjórna innan EES enn tilfinnanlegri.

3.2.3. Almennir borgarar

3.2.3.1. Þátttaka almennings á öllum stigum stefnumótunar er eitt meginviðfangsefni framkvæmdastjórnarinnar. Samkvæmt hvítbókinni um stjórnsýslu skal auka grasrótaráhrif almennings með þátttöku borgaralegra samtaka og aðila vinnumarkaðarins innan ramma „skipulagðrar samráðstilhögunar“. Ráðgjafarnefndin styður þessa áætlun eindregið og vill jafnframt leggja áherslu á að mikilvægt sé að skilgreina samráð við borgaraleg samtök, hvaða skilyrði málsvarar þurfi að uppfylla um gæði og bakland, og að gera verði skýran greinarmun á „samráði við borgaraleg samtök“ (*civil dialogue*) og „samráði við aðila vinnumarkaðarins“ (*social dialogue*).

3.2.3.2. Setja þarf skilyrði fyrir vali á borgaralegum samtökum til samráðs um að þau séu málsvarar ákveðins hóps, til að tryggja gegnsæi og lýðræðislegar aðferðir við val. Ráðgjafarnefndin styður þau skilyrði sem efnahags- og félagsmálanefnd ESB leggur til að evrópskar stofnanir þurfi að uppfylla til að koma til álit (1).

3.2.3.3. Ráðgjafarnefndin styður þá tillögu framkvæmdastjórnar að koma upp gagnagrunni á Netinu með upplýsingum um borgaraleg samtök til að umræður verði opnari og til að skipuleggja samskipti við þessar stofnanir. Auknar umræður munu veita þeim aðilum í EES EFTA-ríkjunum, sem eru meðlimir í regnhlífarsamtökum innan ESB, meiri möguleika á að láta til sín heyra í málefnum er varða EES.

(1) CES 357/2002 Álit efnahags- og félagsmálanefndar ESB varðandi stjórnsýslu í Evrópu – hvítbók (COM(2002) 428 final)

3.2.4. Hlutverk efnahags- og félagsmálanefndar ESB

3.2.4.1. Í hvítbókinni um stjórnsýslu er bent á hið nýja hlutverk efnahags- og félagsmálanefndar ESB sem millilið milli stofnana ESB og borgaralegra samtaka, og þar er hvatt til að nefndin taki virkari þátt í stefnumótun (sbr. breytingar á 257. grein EB-sáttmálans sem samþykktar voru í Nice).

3.2.4.2. Það er innan efnahags- og félagsmálanefndar sem samráð við borgaraleg samtök öðlast opinbert vægi. Hlutverk efnahags- og félagsmálanefndar sem vettvangur umræðna og samráðs hefur stöðugt aukist því að hún hefur opnað þeim borgaralegu samtökum, sem eiga ekki sem stendur fulltrúa í nefndinni, greiða leið að starfsemi sinni. Nefndin skipuleggur nú þegar opinbera viðburði og fyrirspurnaþing vegna þessa.

3.2.4.3. Með „gegnumflæðis“-aðferðinni geta EFTA-ríkin tekið þátt í starfsemi efnahags- og félagsmálanefndar á öllum stigum sem áheyrnarfulltrúar og með því móti átt aðild að stefnumótun ESB. Slíkt er dæmi um afar árangursríkt og hagnýtt samstarf innan EES sem ráðgjafarnefndin styður eindregið.

3.2.5. Aðilar vinnuarkaðarins

3.2.5.1. Ráðgjafarnefndin leggur mikla áherslu á að sérstaða aðila vinnuarkaðarins innan ramma borgaralegra samtaka verði skilgreind nákvæmlega. Hún fagnar því nákvæmri tilvísun hvítbókarinnar til þessarar sérstöðu og þeirra áhrifa sem aðilar vinnuarkaðarins hafa. Það verkefni sem aðilum vinnuarkaðarins er fengið með samráðstilhöguninni er mjög gott dæmi um árangursríka útfærslu á stjórnsýsluháttum í Evrópu. Samráð við aðila vinnuarkaðarins í Evrópu hefur ígildi lagalegs valds samkvæmt 137. grein og 138. grein sáttmálans. Skilgreint er nákvæmlega hverjir eru þátttakendur í samráðinu, hvert vald það hefur og hvaða starfsreglur gilda, og það hefur ígildi stjórnskipulags⁽¹⁾. Það vald og ábyrgð sem aðilar að því axla á sjálfstæðan hátt gefur því sérstöðu. Af þessum sökum er hvorki hægt að yfirfæra hlutverk þeirra né ábyrgðarsvið til annarra stefnumótandi aðila. Þess vegna minnir efnahags- og félagsmálanefndin ítrekað á hversu nauðsynlegt sé að greina algjörlega á milli „samráðs við aðila vinnuarkaðarins“ og „samráðs við borgaraleg samtök“.

3.2.5.2. Samtök aðila vinnuarkaðarins í EES EFTA-ríkjunum eiga aðild að evrópsku vinnuveitendasamtökunum, UNICE og CEEP, og einnig að Evrópusamtökum verkalyðsfélaga (ETUC). Sem slík taka þau beinan þátt í þverfaglegum samningaumræðum, sem veitir þeim einstaka möguleika á að hafa áhrif á lagasetningar sem lúta að samfélagsmálum innan ESB og EES. Þetta er einkum mikilvægt í þeim ríkjum sem eru ekki aðilar að ESB en verða að hlíta ESB-lögum.

3.2.6. Virkari og gegnsærri umræður

3.2.6.1. Með tilkalli sínu um „meiri samráð og umræður“ leggur hvítbókin áherslu á hve brýnt er að allar ESB-stofnanir

og yfirvöld í hverju landi hafi aukin samráð um stefnumótun ESB til að ákvarðanatöku stofnananna verði sem heildstæðust. Ráðgjafarnefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að sett séu skýr skilyrði til að tryggja umboð og lögmæti stofnana sem framkvæmdastjórnin hefur samráð við.

3.2.6.2. Nýir samráðshættir innan framkvæmdastjórnar ESB myndu veita almennum borgurum, aðilum vinnuarkaðarins, sveitarfélögum og svæðisstjórnunum, borgaralegum samtökum og öðrum aðilum innan EES EFTA-ríkanna aukna möguleika á að fá áheyrn meðan undirbúningur fyrir ákvarðanatökur fer fram innan ESB. Ráðgjafarnefndin hvetur yfirvöld í EES EFTA-ríkjunum til að hafa milligöngu um virka þátttöku hinna ýmsu EES EFTA-aðila í undirbúningsvinnu fyrir ákvarðanatökur til að tryggja að sjónarmið þeirra komi fram og tekið verði tillit til þeirra í samráðsstarfi framkvæmdastjórnarinnar.

3.3. Betri stefna, eftirlit og úrvinnsla

3.3.1. Lagasetning einfölduð

3.3.1.1. Framkvæmdastjórnin mun takmarka tillögur sínar um lagasetningar við meginmálefni og veita aukið svigrúm til að útfærðar verði aðferðir til að ganga frá tæknilegum atriðum varðandi þessar tillögur. Enn fremur mun verða hleypt af stokkunum áætlun um að einfalda núverandi löggjöf og hvetja aðildarríkin til að einfalda þær reglur í viðkomandi löndum sem framfylgja skulu ESB-ákvæðum. Ráðgjafarnefndin styður tillögur hvítbókarinnar um að gera lagasetningarferli ESB einfaldara og hraðvirkara, þar sem Evrópulöggjöfin verður stöðugt flóknari og á stundum til að fjölga fremur reglusetningum í viðkomandi löndum en að einfalda þær og samræma. Ráðgjafarnefndin hvetur EES EFTA-ríkin til að fylgjast vel með starfi framkvæmdastjórnar ESB og einfalda þær reglur í viðkomandi löndum sem settar eru til að framfylgja ESB-ákvæðum.

3.3.2. Ýmsar stefnumótandi aðferðir sameinaðar

3.3.2.1. Á undanförunum árum hafa stjórnsýslufyrirmæli og sveigjanleg framkvæmd komið til viðbótar hinni hefðbundnu aðferð ESB við að samræma löggjöf. Greinileg breyting hefur átt sér stað og hefðbundnar reglugerðir, tilskipanir og ákvarðanir, sem tengjast EES og hefðu verið innleiddar í EES-löggjöfina, hafa vikið fyrir nýjum stefnumótandi aðferðum, svo sem viðmiðunarreglum, tilmælum, aðgerðum vegna sameiginlegs eftirlits og opnu samhæfingarstarfi. Þessar aðferðir er ekki svo auðvelt að innleiða í lagalega bindandi samning á borð við EES-samninginn. Jafnframt ákvörðun framkvæmdastjórnar um að stuðla að því að ýmsar stefnumótandi aðferðir verði notaðar í ríkara mæli til viðbótar löggjöfinni, þarf að huga að því hvernig hægt sé að tryggja þróun EES-samningsins. Ráðgjafarnefndin hvetur EES EFTA-ríkin til að veita athygli þeirra þróun innan ESB sem fellur utan lagarammans og hefur áhrif á innri markaðinn eða málefni tengd honum, til að tryggja jafna þróun og hliðstæð skilyrði fyrir samkeppni innan EES.

(¹) 137. gr. og 138. gr. TEC.

3.3.3. Eftirlitsstofnanir

3.3.3.1. Í því sjónarmiði að koma á endurbótum á því hvernig reglum er beitt og framfylgt innan ESB vill framkvæmdastjórnin koma á fót eftirlitsstofnunum í ákveðnum geirum sem sinna tilteknum verkefnum á svipaðan hátt og þegar er gert hjá Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA) ⁽¹⁾ og hjá Evrópsku matvælastofnuninni (European Food Safety Authority). Ráðgjafarnefndin vekur athygli á mikilvægi þess fyrir EES EFTA-ríkin að þau tryggja aðild sína að hinum nýju eftirlitsstofnunum EES og taki þátt í að setja skilyrði fyrir stofnun þeirra.

3.3.3.2. Ráðgjafarnefndin vill þó vara við því að sjálfstæðar eftirlitsstofnanir í Evrópu verði of margar. Áður en ný stofnun er sett á laggirnar skal vera ljóst að hún muni skila umtalsverðum árangri og hvorki auka skrifinnsku né kostnað umfram það sem eðlilegt er.

3.3.4. Sérfræðinefndir

3.3.4.1. Hið flókna kerfi sérfræðinefnda innan ESB og skorturinn á upplýsingum um starfsemi þeirra hefur vakið almennt vantraust. Til að auka tiltrú almennings á því hvernig stefnumótandi aðilar nýta sér ráðgjöf sérfræðinga, mun framkvæmdastjórnin þróa viðmiðunarreglur um sérfræðiráðgjöf til að umræðan verði almennt opnari og nákvæmari.

3.3.4.2. Í 99. grein EES-samningsins er kveðið á um það undirbúnings- og ákvarðanaferli sem á sér stað við ákvarðanatökur innan EES. Þar segir að um leið og framkvæmdastjórnin leggji drög að nýjum lögum á sviði sem heyrir undir EES-samninginn beri framkvæmdastjórninni að leita óformlegrar ráðgjafar hjá sérfræðingum EES EFTA-ríkjanna á sama hátt og leitað er ráðgjafar hjá sérfræðingum bandalagsins. Ráðgjafarnefndin leggur annars vegar áherslu á að framkvæmdastjórnin nýti sér til fulls 99. grein EES-samningsins og hins vegar að yfirvöld í EES EFTA-ríkjunum hafi náð samráð við framkvæmdastjórnina um það hvernig 99. greinin skuli nýtt.

3.3.4.3. Ráðgjafarnefndin fagnar því mjög að sérfræðiráðgjöf verði gerð aðgengilegri við stefnumótun ESB þar sem slíkt muni veita almenningi innan EES-ríkjanna aukna möguleika á að skoða það starf sem fram fer í sérfræðinefndunum. Ráðgjafarnefndin styður líka eindregið það markmið framkvæmdastjórnarinnar að veita almenning aðgang að sérfræðiráðgjöf. Jafnframt hvetur ráðgjafarnefndin EES EFTA-ríkin til að tryggja sér faglega og virka þátttöku í öllum þeim nefndum framkvæmdastjórnarinnar sem þeim standa opnar.

3.3.5. Betri framkvæmd og beiting EB-löggjafar á landsvisu

3.3.5.1. Í raun fara áhrif reglna um innri markaðinn eftir vilja og getu yfirvalda í EES-ríkjunum til að tryggja að þær séu innleiddar og þeim sé framfylgt á virkan hátt að öllu leyti og á tilsettum tíma. Viðleitni framkvæmdastjórnarinnar til að kanna

í auknum mæli hvort brotalamir séu ef til vill á framkvæmd EB-löggjafarinnar í ESB-ríkjunum kann einnig að leiða til þess að Eftirlitsstofnun EFTA fylgist enn betur með EES EFTA-ríkjunum.

3.3.5.2. Til að enn betur verði staðið að innleiðingu laga og framkvæmd þeirra gætu EES EFTA-ríkin lagt sitt af mörkum með því að auka þekkingu almennings, dómstóla og lögfræðinga á EB/EES-lögum. Ráðgjafarnefndin hvetur EES EFTA-ríkin til að taka þátt í því samráði sem ESB hefur lagt til að haft verði um bestu starfshætti við yfirfærsluáðferðir þannig að innleiðing og útfærsla laga gangi hraðar og betur fyrir sig.

3.3.5.3. Ekki einungis stofnanir, heldur einnig yfirvöld í einstökum löndum, svæðisstjórnir og sveitarfélög, eru í auknum mæli háð lögum um innri markaðinn, einkum ákvæðunum um samkeppni og opinbera aðstoð. Upplýsingar um þessa þróun og skilningur á henni eru þó takmarkaðar og það veldur því að yfirvöld beita ekki þessum lagalegu ákvæðum sem skyldi á ýmsum sviðum. Framkvæmdastjórnin hvetur því stjórnvöld í viðkomandi löndum eindregið til að gera ráðstafanir til úrbóta þar að lútandi.

3.4. Endurskoðaðar stefnur og stofnanir

3.4.1. Bandalagsaðferðin

3.4.1.1. Samkvæmt framkvæmdastjórninni verður ESB að blása nýju lífi í bandalagsaðferðina til að skila betri árangri við stefnumótun. Jafnframt ætti kynning á aðferðum til að auka samráð og þátttöku, greiðari aðgangur að sérfræðiráðgjöf og betra mat á áhrifum að leiða til þess að framkvæmdastjórnin beiti pólitísku frumkvæði sínu á markvissari og vandlátari hátt.

3.4.1.2. Endurnýjun á bandalagsaðferðinni myndi verða EES EFTA-ríkjunum til mikilla hagsbóta þar sem EES-samningurinn er byggður á þeirri forsendu að þær starfsaðferðir séu ríkjandi við stefnumótun innan bandalagsins.

3.4.2. Nefndir og ráð

3.4.2.1. Það er venjulega framkvæmdastjórnin sem ber í meginatriðum ábyrgð á því að lögum og reglum sé framfylgt með innleiðingu reglugerða eða ákvarðana. Samkvæmt hvítbókinni ber að endurskoða við hvaða skilyrði framkvæmdastjórnin beitir þessum ráðstöfunum. Þegar ESB-ráðið og Evrópuþingið taka ákvarðanir sameiginlega ættu þessar tvær stofnanir að gegna sömu skyldum við eftirlit, en framkvæmdastjórnin yrði að axla alla ábyrgð við framkvæmd. Með einfaldri lagalegri tilhögun ætti fulltrúaþinginu að vera heimilt að rannsaka starf framkvæmdastjórnarinnar með hliðsjón af reglugerðum og pólitískum viðmiðunarreglum löggjafarinnar. Með því móti myndi núverandi nefndakerfi verða úrelt, einkum hvað varðar eftirlitsnefndir og stjórnarnefndir.

⁽¹⁾ Hjá Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA, London) er lagt tæknilegt mat á notkun nýrra lyfja vegna leyfisveitingar áður en framkvæmdastjórn tekur ákvörðun um slíkt.

3.4.2.2. Það hefði mikil áhrif á EES EFTA-ríkin ef hið formlega nefndakerfi yrði einfaldað – eða jafnvel lagt smám saman niður. Samkvæmt ákvæðum 100. greinar hefur EES-samningurinn veitt fulltrúum EFTA rétt til setu í mörgum þessara nefnda. Aðild að EB-nefndum er EES EFTA-ríkjunum mjög mikilvæg svo að þau geti átt skoðanaskipti við sérfræðinga í ESB-ríkjunum og í framkvæmdastjórninni. Ráðgjafarnefndin styður þátttöku EES EFTA-ríkjanna í EB-nefndum og hvetur ESB til að tryggja að tekið verði tillit til sjónarmiða EES EFTA-ríkjanna ef endurnýjun á nefndakerfinu mun eiga sér stað.

4. STJÓRN FYRIRTÆKJA OG FÉLAGSLEG ÁBYRGÐ ÞEIRRA

4.1. Breytt viðhorf gagnvart hlutverki atvinnufyrirtækja í þjóðfélaginu, og vangaveltur um áhrif hnattvæðingar, hafa orðið til þess að félagslega ábyrgð fyrirtækja verður stöðugt ofar á baugi. Meðal launþegasamtaka, frjálsra félagasamtaka, fjölmiðla, almennings- og fyrirtækjanna sjálfra hefur skapast meiri skilningur og áhugi á hegðun fyrirtækja í ýmsum samfélags- og umhverfismálum. Auknar kröfur eru gerðar um að fyrirtæki séu ábyrg fyrir öllum þeim áhrifum sem starfsemi þeirra kann að hafa á umhverfið og samfélagið, á landsvisu sem og á alþjóðavísu. Vegna aukinnar áherslu á félagslega ábyrgð fyrirtækja á ýmsum sviðum hafa komið fram kröfur um bindandi reglur eða tillögur varðandi margt sem lýtur að hegðun fyrirtækja.

4.2. Sérhvert þjóðfélag er háð arðbærum og samkeppnishæfum fyrirtækjum sem veita atvinnutækifæri, skapa verðmæti og leggja sitt af mörkum við að efla eigið samfélag. Þetta er mikilvægt hlutverk og kjarni þeirrar ábyrgðar sem fyrirtæki axla. En í kjölfar alþjóðlegs umhverfis og hnattvæðingar atvinnuvega hafa ný viðhorf komið til sögunnar sem víkka sjónarhornið. Efnahagslegur árangur er ekki lengur eina markmiðið heldur er í auknum mæli lögð áhersla á hvernig slíkum árangri er náð og sjónum beint að hegðun fyrirtækisins ekki síður en arðsemi þess. Þessi skilningur kemur fram í starfsemi fjölda alþjóðlegra fyrirtækja sem leggja sitt af mörkum samfélagi sínu til góða með því að setja sér markmið og áætlanir varðandi félagslega ábyrgð sína. Einnig skal meta að verðleikum hið mikilvæga efnahagslega og félagslega framlag þeirra starfsgreina sem byggjast á samvinnu og eru ekki reknar í hagnaðarskyni.

4.3. Félagsleg ábyrgð fyrirtækja í alþjóðlegu samhengi hefur verið mikilvægt málefni meðal alþjóðlegra stofnana árum saman. Alþjóðavinnuárástofnunin (ILO) innleiddi mikilvægar reglur með því að koma á grundvallarréttindum verkafólks og verkalýðshreyfinga; Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) fylgdi í kjölfarið með viðmiðunarreglum sínum fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki; og Sameinuðu þjóðirnar hafa kynnt málið á heimsvísu með tillögu Kofis Annan um hnattrænt samkomulag. Síðast en ekki síst hefur framkvæmdastjórn ESB varpað fram þeirri spurningu, í grænbók um félagslega ábyrgð fyrirtækja, hvort einnig sé þörf á evrópskum reglum til að auka félagslega ábyrgð fyrirtækja.

4.4. Ráðgjafarnefndin fagnar grænbók framkvæmdastjórnarinnar, sem hefur vakið gagnrýnar umræður um nýjar leiðir til að auka félagslega ábyrgð fyrirtækja og aukið skilning á þessu málefni. Líta ber á þetta framtak framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við þá áætlun sem ESB setti sér á leiðtogafundinum í Lissabon um að „í Evrópu yrði samkeppnishæfasta og virkasta þekkingarhagkerfi heims sem gæti eflt og viðhaldið hagvexti með fleiri og betri störfum og meiri félagslegri samheldni“. Ráðgjafarnefndin ítrekar tillögu ráðgjafarnefndar EFTA um að EES EFTA-ríkin ættu að setja sér sömu markmið þannig að öll EES-ríkin átján væru þá meðtalin.

4.5. Líta ber á félagslega ábyrgð fyrirtækja sem langtíamarkmið og fjárfestingu sem ásamt efnahagslegri velgengni mun stuðla að framgangi sérhvers fyrirtækis. Kofi Annan, aðalframkvæmdastjóri SP orðaði það svo: „Í fyrirtækjarekstri er mönnum að verða ljóst að jafnframt því sem markaðurinn hnattvæðist verður slíkt einnig að eiga sér stað varðandi félagslega ábyrgð fyrirtækja, inntak hennar og útfærslu. Og þeir eru að uppgötva að það er gott fyrir fyrirtækin að standa rétt að málum til langs tíma lítið.“

4.6. Framkvæmdastjórnin varpar þeirri spurningu fram í grænbókinni hvort þörf sé á nýrri rammaáætlun í Evrópu á sviði félagslegrar ábyrgðar fyrirtækja. Fyrirtæki eru hluti af samfélaginu og eru starfrækt í félagslegu umhverfi sem mótað er með lögum og kjarasamningum sem stýra atvinnumarkaðinum, taka mið af hagsmunum á báða bóga og vernda starfsfólk. Þetta er viðtekið af öllum sem hlut eiga að máli og skapar grundvöll félagslegrar ábyrgðar fyrirtækja í Evrópu án þess að það bitni á lagalegu umhverfi (stefnu í félags- og umhverfismálum).

4.7. Hvað snertir núgildandi félagslegar reglugerðir er meginmarkmiðið í Evrópu að skapa almennar siðareglur þar sem félagsleg ábyrgð fyrirtækja gegnir lykilhlutverki. Evrópa er heppilegur vettvangur til samanburðar á vel heppnuðum dæmum um félagslega ábyrgð fyrirtækja og til að innleiða félagslega ábyrgð í viðskiptastefnum með auknum skilningi á málinu.

4.8. Sjálfstæðar aðgerðir – þ.m.t. umsamdar aðgerðir – eru meðal undirstöðuatriða félagslegrar ábyrgðar fyrirtækja. Ekki væri við hæfi að koma á nákvæmum og bindandi samevrópskum reglum. Samræmdir, nákvæmir staðlar um félagslega ábyrgð fyrirtækja skapa hættu á því að fyrirtækjum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum og fyrirtækjum á sviði félags- og efnahagsmála, yrði sniðinn of þröngur stakkur. Fyrirtæki ættu að eiga kosta á að þróa sérsniðnar og árangursríkar áætlanir sem henta aðstæðum þeirra og starfsgrein. Almennar reglur í Evrópu, sem aðilar vinnumarkaðarins væru sammála um, gætu komið þeim aðferðum sem nú þegar er beitt til að efla félagslega ábyrgð fyrirtækja betur á framfæri. Ráðgjafarnefndin fagnar þess vegna sérstaklega því átaki aðila vinnumarkaðarins að útfæra ýmsar hliðar félagslegrar ábyrgðar fyrirtækja, t.d. á sviði heilbrigðismála og atvinnuöryggis og í jafnréttismálum. Þróa mætti félagslega ábyrgð fyrirtækja sérstaklega innan ESB með sameiginlegum aðgerðum og frjálsu samkomulagi á

milli aðila vinnumarkaðarins. Framkvæmdastjórnin gæti aukið gegnsæi, samræmi og góða starfshætti á þessu sviði með því að efla samstarf milli þeirra aðila sem gegna lykilhlutverki við útfærslu á félagslegri ábyrgð.

4.9. Ráðgjafarnefndin bendir á sérstakar skyldur sem hvíla á fyrirtækjum sem veita almenna þjónustu varðandi ábyrgð á sviði félags- og umhverfismála og einnig þeirri ábyrgð sem fylgin er í því að veita þjónustu á tilteknum landssvæðum, svo sem að útvega drykkjarvatn.

4.10. Ráðgjafarnefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að samræmi ríki í aðferðum sem beitt er á sviði félagslegrar ábyrgðar fyrirtækja og þeirra aðferða sem beitt er varðandi hegðun fyrirtækja í skyldum löggerningum eða stefnum innan ESB. Núverandi endurskoðun á tilskipunum um opinber innkaup í Evrópu og orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði félags- og umhverfismála varðandi opinber innkaup hefur sérstakt vægi ásamt tillögum um ábyrgð í umhverfismálum. Ráðgjafarnefndin leggur líka til að ákvæði um opinbera aðstoð verði endurskoðuð með tilliti til þróunar í félags- og umhverfismálum.

5. YFIRLIT YFIR NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR

5.1. Ráðgjafarnefndin fagnar starfi framkvæmdastjórnar ESB í þágu evrópskrar stjórnsýslu og styður meginreglurnar fimm um góða stjórnsýsluhætti sem framkvæmdastjórnin leggur til að hafðar verði að leiðarljósi þar sem að í þeim felst megininntak lýðræðis og gegnsæis. Ráðgjafarnefndin veitir því þó eftirtekt að í hvítbókinni er allri umfjöllun um þann vanda sem liggur að baki stjórnsýslu sleppt, meðal annars umfjöllun um þá breytingu sem í því felst að byggja stjórnarfyrikomulag ríkja á stjórnsýslu en ekki á stjórnun. Ráðgjafarnefndin leggur áherslu á að allar endurnýjanir á pólitísku ferli og ákvarðanatökum innan EB muni hafa áhrif innan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem innleiða verði lagalegar EB-gerðir sem tengjast EES í EES-samninginn.

5.2. Aukin þátttaka og opnari umræða er meðal undirstöðuatriða góðrar stjórnsýslu. Ráðgjafarnefndin fagnar því tillögunni um gegnsærri starfsaðferðir innan Evrópustofnananna og krefst einnig aukins gegnsæis og meiri þátttöku frjálsra félagasamtaka í EES-samstarfinu.

5.3 Ráðgjafarnefndin leggur áherslu á mikilvægi og ábyrgð aðila vinnumarkaðarins. Það verkefni sem aðilum vinnumarkaðarins er fengið með samráðstilhöguninni er mjög gott dæmi um árangursríka útfærslu á stjórnsýsluháttum í Evrópu. Því ber að viðurkenna samráð við aðila vinnumarkaðarins sem mikilvægan þátt í mótun Evrópu til framtíðar.

5.4. Ráðgjafarnefndin styður eindregið áætlun framkvæmdastjórnarinnar um að hafa samráð við borgaraleg samtök á öllum stigum stefnumótunar og fagnar tillögunni um að settar verði reglur um hvernig samráði skuli hagað. Brýna nauðsyn ber þó til að gerður verði skýr greinarmunur á „samráði við borgaraleg samtök“ og „samráði við aðila vinnumarkaðarins“ og að sett verði skilyrði varðandi þau borgaralegu samtöku sem þátt mega taka í slíku samráði.

5.5. Með tilliti til aukins vægis svæðisstjórna og sveitarfélaga innan ESB vill ráðgjafarnefnd EES vekja athygli á að EES-samninginn skortir ákvæði um samstarf milli þessara tveggja sviða innan EES.

5.6. Að því er lýtur skilvirkara eftirliti styður ráðgjafarnefnd EES tillögu framkvæmdastjórnar ESB um að Evrópulöggjöf verði einfölduð og hvetur EES EFTA-ríkin til að fara að dæmi framkvæmdastjórnarinnar og einfalda þær reglur í viðkomandi löndum sem framfylgja skulu ESB-ákvæðum. EES EFTA-ríkin ættu einnig að taka þátt í því samráði sem ESB hefur lagt til að haft verði um bestu starfshætti við að innleiða löggjöfina. Auk einföldunar hvetur ráðgjafarnefndin til að sett verði kerfi til að skilgreina áhrif og leggja hlutlaust mat á breyttar aðferðir við lagasetningar. Hún hvetur EES EFTA-ríkin til að taka tillit til þeirrar þróun innan ESB sem átt hefur sér stað utan lagarammans, og hefur áhrif á innri markaðinn, til að tryggja jafna þróun og hliðstæð skilyrði fyrir samkeppni innan EES.

5.7. Ráðgjafarnefnd EES leggur áherslu á mikilvægi þess fyrir EES EFTA-ríkin að tryggja aðild sína að nýjum eftirlitsstofnunum sem skipta máli fyrir EES og tryggja sér faglega og virka þátttöku í öllum þeim nefndum framkvæmdastjórnarinnar sem standa þeim opnar. Ráðgjafarnefndin hvetur einnig ESB til að tryggja að tekið verði tillit til sjónarmiða EES EFTA-ríkanna við mögulegar endurbætur á nefndakerfinu.

5.8. Með tilliti til stjórnsýslu, bæði á heimsvísu og Evrópuvísu, fagnar ráðgjafarnefnd EES grænbók framkvæmdastjórnar ESB um félagslega ábyrgð fyrirtækja en hún hefur í senn hvatt til gagnrýninnar umræðu um nýjar leiðir til að efla félagslega ábyrgð fyrirtækja og vakið skilning á þessu málefni. Hún er mikilvægur liður í því að Lissabon-áætluninni verði framfylgt á farsælan hátt, en hana ættu EES EFTA-löndin einnig að taka upp í heild sinni, samkvæmt álitum ráðgjafarnefndarinnar. Líta ber á félagslega ábyrgð fyrirtækja sem langtímaáætlun um sjálfstæðar aðgerðir – þ.m.t. umsamar aðgerðir – og fjárfestingu sem ásamt efnahagslegri velgengni mun stuðla að framgangi sérhvers fyrirtækis. Framkvæmdastjórnin gæti aukið gegnsæi, samræmi og góða starfshætti á þessu sviði með því að efla samstarf milli þeirra aðila sem gegna lykilhlutverki við útfærslu á félagslegri ábyrgð fyrirtækja.

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttar samninga sem takmarka samkeppni ekki merkjanlega samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins

2003/EES/15/03

- A. Þessi tilkynning er gefin út samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og samningsins milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól).
- B. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur gefið út tilkynningu sem ber heitið „Minniháttar samningar sem takmarka samkeppni ekki merkjanlega samkvæmt 1. mgr. 81. gr. EES-samningsins“⁽¹⁾. Í þeirri gerð, sem ekki er bindandi, er kveðið á um samninga milli fyrirtækja sem ekki eru bannaðir samkvæmt 1. mgr. 81. gr. EB-sáttmálans.
- C. Eftirlitsstofnun EFTA telur að fyrrnefnd gerð varði EES. Til að viðhalda jöfnum samkeppnis skilyrðum og tryggja samræmda beitingu samkeppnisreglna EES alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, samþykkir eftirlitsstofnun EFTA þessa tilkynningu samkvæmt því umboði sem henni er veitt í b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Stofnunin hyggst fylgja þeim grundvallaratriðum og reglum sem tilgreind eru í þessari tilkynningu þegar beitt er viðkomandi EES-reglum í einstökum tilvikum.
- D. Þessi tilkynning kemur í stað fyrri tilkynningar eftirlitsstofnunarinnar frá 1998 um minniháttar samninga sem falla utan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins⁽²⁾.

I

1. Í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins eru þeir samningar bannaðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað á því svæði sem EES-samningurinn tekur til. Dómstóll Evrópubandalaganna hefur kveðið upp úr að samsvarandi ákvæði í 1. mgr. 81. gr. EB-sáttmálans gildi ekki um samninga sem ekki hafa merkjanleg áhrif á viðskipti eða samkeppni innan bandalagsins. Í ljósi 6. gr. EES-samningsins og 3. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber að beita þessari meginreglu um túlkun 1. á mgr. 53. gr. EES-samningsins þannig að þetta ákvæði gildir ekki ef samningar hafa ekki merkjanleg áhrif á viðskipti eða samkeppni milli aðila að EES-samningnum.

2. Í þessari tilkynningu skilgreinir Eftirlitsstofnun EFTA, á grundvelli viðmiðunarmarka fyrir markaðshlutdeild, hvað teljist ekki vera merkjanleg takmörkun á samkeppni samkvæmt 53. gr. EES-samningsins⁽³⁾. Þessi neikvæða skilgreining á hugtakinu „merkjanlegur“ þýðir ekki að allir samningar milli fyrirtækja, sem fara yfir mörkin sem sett eru fram í þessari tilkynningu, takmarki samkeppni á merkjanlegan hátt. Slíkir samningar kunna áfram að hafa aðeins óveruleg áhrif á samkeppni og falla því ekki endilega undir bannið í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins⁽⁴⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 368, 22.12.2001, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 200, 16. 7.1998, bls. 55 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. C 28, 16.7.1998, bls. 13.

⁽³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skipta með sér heimild til að meðhöndla einstök mál sem falla undir 53. og EES-samningsins samkvæmt ákvæðum 56. gr. EES-samningsins. Eingöngu önnur stofnunin hefur heimild til að annast tiltekið mál.

⁽⁴⁾ Sjá til dæmis dóm dómstóls Evrópubandalaganna í sameinuðum málum C-215/96 og C-216/96 *Bagnasco (Carlos) gegn Banca Popolare di Novara og Casa di Risparmio di Genova e Imperia* [1999] dómásafn I-135, 34.-35. gr. Þessi tilkynning er einnig með fyrirvara um meginreglur um mat samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sem kveðið er á um í tilkynningu Eftirlitsstofnunar sem ber heitið „Leiðbeiningar um gildi 53. gr. EES-samningsins gagnvart láréttum samstarfssamningum“ sem samþykkt var með ákvörðun Eftirlitsstofnunarinnar nr. 393/01/COL frá 6. desember 2001 (Stjtið. EB C 266, 31.10.2002, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 55, 31.10.2002, bls. 1), einkum 17.-31. liður og tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA sem ber heitið „Leiðbeiningar um löðréttar takmarkanir“ (Stjtið. EB C 122, 23.5.2002, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 26, 23.5.2002, bls. 7), einkum 5.-20. liður.

3. Einnig kunna samningar að falla utan 1. mgr. 53. gr. vegna þess að þeir geta ekki haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli þeirra ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum. Þessi tilkynning fjallar ekki um slík mál. Hér er ekki tilgreint hvað teljist ekki hafa merkjanleg áhrif á viðskipti. Hins vegar er talið að samningar milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sbr. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 112/96/COL frá 11. september 1996⁽⁵⁾ geti sjaldan haft merkjanleg áhrif á viðskipti samningsaðilanna. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru skilgreind í þeirri ákvörðun sem fyrirtæki með færri en 250 starfsmenn og að annaðhvort fari ársvelta þeirra ekki yfir 40 milljónir evrur eða niðurstöðutölur efnahagsreiknings ekki yfir 27 milljónir evrur.

4. Í þeim málum sem þessi tilkynning á við mun Eftirlitsstofnun EFTA ekki hefja formlega meðferð hvorki samkvæmt beiðni né að eigin frumkvæði. Ef fyrirtæki telja í góðri trú að samningur falli undir þessa tilkynningu mun eftirlitsstofnunin ekki leggja á sektir. Þrátt fyrir að þessi tilkynning sé ekki bindandi fyrir dómstóla og yfirvöld EFTA-ríkjanna er henni ætlað að vera þeim til leiðbeiningar við beitingu 53. gr. EES-samningsins.

5. Þessi tilkynning gildir einnig um ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir.

6. Þessi tilkynning er með fyrirvara um túlkun EFTA-dómstólsins, dómstóls Evrópubandalaganna eða dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi á 53. gr. og/eða 81. gr. EB-sáttmálans.

II

7. Eftirlitsstofnun EFTA telur að samningar milli fyrirtækja, sem hafa áhrif á viðskipti þeirra ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum, takmarki ekki samkeppni á merkjanlegan hátt í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins:

- ef samanlögð markaðshlutdeild samningsaðilanna fer ekki yfir 10% á neinum viðkomandi markaði, sem samningurinn hefur áhrif á, þegar samningurinn er milli fyrirtækja sem eru raunverulegir eða mögulegir samkeppnisaðilar á einhverjum þessara markaða (samningar milli samkeppnisaðila)⁽⁶⁾, eða
- ef markaðshlutdeild sérhvers samningsaðila fer ekki yfir 15% á neinum viðkomandi markaði, sem samningurinn hefur áhrif á, þegar samningurinn er milli fyrirtækja sem ekki eru raunverulegir eða mögulegir samkeppnisaðilar á neinum þessara markaða (samningar milli aðila sem ekki eiga í samkeppni).

Þegar erfitt er að flokka samning sem annaðhvort samning milli samkeppnisaðila eða samning milli aðila sem ekki eiga í samkeppni gilda 10% viðmiðunarmörkin.

8. Þegar samkeppni á viðkomandi markaði er takmörkuð vegna uppsafnaðra áhrifa samninga um sölu á vörum eða þjónustu sem mismunandi birgjar eða dreifiaðilar gera með sér (uppsöfnuð útilokunaráhrif samhliða neta samninga sem hafa sambærileg áhrif á markaðinn) eru viðmiðunarmörkin sem um getur í 7. lið lækkuð í 5% bæði fyrir samninga milli samkeppnisaðila og samninga milli aðila sem ekki eiga í samkeppni. Einstaka birgjar og dreifiaðilar með markaðshlut sem ekki fer yfir 5% teljast alla jafna ekki stuðla verulega að uppsöfnuðum útilokunaráhrifum⁽⁷⁾. Ólíklegt er að um sé að ræða uppsöfnuð útilokunaráhrif ef minna en 30% af viðkomandi markaði heyrja undir samhliða (net) samninga sem hafa sambærileg áhrif.

⁽⁵⁾ Stjótið. EB L 42, 13.2.1997, bls. 33 og EES-viðbætur við Stjótið. EB 7, 13.2.1997, bls. 1. Þessi ákvörðun samsvarar tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna 96/280/EB (Stjótið EB L 107, 30.4.1996, bls. 4). Fyrirhugað er að framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna muni endurskoða tilmæli sín og hækka ársveltu úr 40 milljónum evrum í 50 milljónir evrur og hækka niðurstöðutölur efnahagsreiknings úr 27 milljónum evrum í 43 milljónir evrur.

⁽⁶⁾ Hugtökin hugsanlegir eða mögulegir samkeppnisaðilar eru skilgreind 9. mgr. í tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA sem ber heitið „Leiðbeiningar um gildi 53. gr. EES-samningsins gagnvart láréttum samstarfssamningum“ (sbr. nmgr. 4). Lítið er á fyrirtæki sem raunverulegan samkeppnisaðila ef það annaðhvort starfar á sama viðkomandi markaði eða, ef ekki er um að ræða samning, það getur beint framleiðslu sinni að viðkomandi vörum og markaðssett þær með stuttum fyrirvara, án þess að taka á sig verulegan viðbótarkostnað eða áhættu, sem andsvar við lítilli en varanlegri breytingu á verði á viðkomandi markaði (tafarlaus framboðsstaðgangi). Lítið er á fyrirtæki sem mögulegan samkeppnisaðila ef ljóst er að án samningsins gæti fyrirtækið, og yrði líklegt til, að leggja út í nauðsynlegar viðbótarfjárfestingar eða annan nauðsynlegan aðlögunarkostnað svo að það gæti komið inn á viðkomandi markað, sem andsvar við lítilli en varanlegri hækkun á viðkomandi verði.

⁽⁷⁾ Sjá einnig tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um sem ber heitið „Leiðbeiningar um lóðréttar takmarkanir“ (Stjótið EB C 122, 23.5.2002, bls. 1 og EES-samningurinn við Stjótið. EB nr. 26, 23.5.2002, bls. 7, einkum 73., 142., 143. og 189. gr. Á meðan leiðbeiningarnar um lóðréttar takmarkanir vísa ekki eingöngu til heildarmarkaðshluta heldur til bundins markaðshluta ákveðins birgis eða kaupanda þegar um ákveðnar takmarkanir er að ræða, þá gilda öll viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild í þessari tilkynningu um heildarmarkaðshlutdeild.

9. Eftirlitsstofnun EFTA telur einnig að samningar séu ekki samkeppnishamlandi ef markaðshlutdeild fer ekki meira en tvö prósentustig yfir 10%, 15% og 5% viðmiðunarmörkin sem um getur í 7. og 8. lið tvö almanaksár í röð.

10. Til að reikna út markaðshlutdeild er nauðsynlegt að skilgreina viðkomandi markað. Þetta á við um viðkomandi vörumarkað og viðkomandi landfræðilegan markað. Þegar viðeigandi markaður er skilgreindur ber að miða við tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður með tilliti til samkeppnislaga á Evrópska efnahagssvæðinu ⁽⁸⁾. Reikna ber markaðshlutdeild á grundvelli söluverðs eða kaupverðs ef svo ber undir. Ef slíkar upplýsingar eru ekki tiltækar, má nota aðrar áreiðanlegar markaðsupplýsingar, þar með taldar upplýsingar um sölumagn.

11. 7., 8. og 9. liður gilda ekki um samninga sem fela í sér einhverjar af eftirfarandi grófum takmörkunum:

- 1) hvað varðar samninga milli samkeppnisaðila, sbr. skilgreiningu í 7. lið, takmarkanir sem beint eða óbeint, einar sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn aðilanna, hafa að markmiði ⁽⁹⁾:
 - a) að ákveða verð við sölu vara til þriðju aðila,
 - b) að takmarka framleiðslu eða sölu,
 - c) að skipta með sér mörkuðum eða viðskiptavinum,
- 2) hvað varðar samninga milli aðila sem ekki eiga í samkeppni, eins og skilgreint er í 7. lið, takmarkanir sem beint eða óbeint, einar sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn aðilanna, hafa að markmiði:
 - a) að takmarka svigrúm kaupandans til að ákveða söluverð sitt, með fyrirvara um svigrúm birgisins til að ákveða hámarkssöluverð eða leiðbeinandi söluverð, að því tilskildu að það jafngildi ekki bindandi verði eða lágmarkssöluverði vegna þrýstings eða hvatningar frá öðrum hvorum aðilanna,
 - b) að takmarka það landsvæði eða þann hóp viðskiptavina sem eða þar sem kaupanda er heimilt að selja samningsvörurnar eða -þjónustuna, nema eftirfarandi takmarkanir sem teljast ekki grófar takmarkanir:
 - að takmarka virka sölu inn á afmarkað svæði eða til hóps einkaviðskiptavina sem er frátekinn fyrir birginn eða birgirinn hefur úthlutað til annars kaupanda, þar sem slík takmörkun hamlar ekki sölu á vegum viðskiptavina kaupanda,
 - að takmarka sölu á vegum kaupanda, sem starfar á heildsölustigi verslunar, til notenda,
 - að takmarka sölu á vegum aðila að sérhæfðu dreifikerfi til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir, og
 - að takmarka svigrúm kaupandans til að selja íhluti, sem afhentir hafa verið til ísetningar, til viðskiptavina sem hyggjast nota þá til framleiðslu á sömu tegund vöru og birgirinn framleiðir;
 - c) að takmarka virka eða óvirka sölu aðila í valvísu smásölukerfi, með fyrirvara um möguleikann á að banna aðila að kerfinu að reka starfsemi sína frá starfsstöð sem hefur ekki verið samþykkt,
 - d) að takmarka innbyrðis viðskipti dreifingaraðila innan valvís kerfis, þar með talið milli dreifingaraðila sem starfa á mismunandi viðskiptastigi,
 - e) takmörkun sem samþykkt hefur verið milli birgis íhluta og kaupanda sem annast ísetningu þessara íhluta en það hindrar birginn í að selja íhlutana sem varahluti til notenda eða til viðgerðarverkstæða eða annarra þjónustuveitenda sem kaupandinn hefur ekki falið að gera við vörur sínar eða veita þjónustu sem tengist þeim.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 200, 16.7.1998, bls. 55, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 16.7.1998, bls. 3.

⁽⁹⁾ Með fyrirvara um tilvik er varða sameiginlega framleiðslu, með eða án sameiginlegrar dreifingar, eins og skilgreint er í 2. mgr. 5. gr. gerðarinnar sem um getur í 6. lið XIV. viðauka við EES-samninginn og 2. mgr. 5. gr. gerðarinnar sem um getur í 7. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (annars vegar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2658/2000 og hins vegar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2659/2000 (Stjtið. EB L 304, 5.12.2000, bls. 3 og 7)).

- 3) hvað varðar samninga milli samkeppnisaðila, eins og skilgreint er í 7. lið, þar sem samkeppnisaðilar, í skilningi samningsins, starfa á mismunandi stigum framleiðslu- eða dreifikeðjunnar, sérhver gróf takmörkun sem um getur í 1. og 2. mgr. hér að framan.
12. 1) Í þessari tilkynningu skal merking hugtakanna „fyrirtæki“, „samningsaðili“, „dreifiaðili“, „birgir“ og „kaupandi“ ná til viðkomandi tengdra fyrirtækja þeirra.
- 2) „Tengd fyrirtæki“ eru:
- a) fyrirtæki þar sem samningsaðili, beint eða óbeint:
- ræður yfir meira en helmingi atkvæða, eða
 - getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn, framkvæmdastjórn eða stofnanir sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins, eða
 - á rétt á að stýra rekstri fyrirtækisins,
- b) fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum,
- c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki sem um getur í b-lið hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem talin eru upp í a-lið,
- d) fyrirtæki, þar sem samningsaðili ásamt einu eða fleiri fyrirtækjum, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
- e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
- samningsaðila eða viðkomandi fyrirtækja tengdra þeim sem um getur í a- til d-lið, eða
 - eins eða fleiri samningsaðila eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra sem um getur í a- til d-lið og eins eða fleiri þriðju aðila.
- 3) Hvað varðar e-lið 2. mgr. skal skipta markaðshlutdeild fyrir þau fyrirtæki sem stjórnað er sameiginlega jafnt milli fyrirtækjanna sem hafa þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið 2. mgr.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3067 - Intesa/Capitalia/IMI Investimenti/Unicredito/Fidis Retail)

2003/EES/15/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 11.3.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem ítölsku bankarnir Banca Intesa S.p.A. („Intesa“), Capitalia S.p.A. („Capitalia“), IMI Investimenti S.p.A. („IMI“) og Unicredito Italiano S.p.A. („Unicredito“) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirráð Fidis Retail Italia S.p.A. („FRI“), með kaupum á hlutabréfum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Intesa: banka- og váttryggingastarfsemi, verðbréfasala, eignastjórnun, eignarleiga og kröfukaup,
 - Capitalia: eignarhaldsfélag fyrir banka- og fjármálasamstæðu,
 - IMI: banka- og fjármálastarfsemi, váttryggingar, verðbréfasala og eignarleiga,
 - Unicredito: eignarhaldsfélag fyrir banka- og fjármálasamstæðu (á landsvísu og staðbundið), fjárfestingarbankastarfsemi og eignastjórnun, kröfukaup, eignarleiga, neytendalán, bankaábyrgðir,
 - FRI: fjármögnun á almennum bílakaupum.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 67, 20.3.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3067 - Intesa/Capitalia/IMI Investimenti/Unicredito/Fidis Retail, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3113 – General Electric/Jenbacher)****2003/EES/15/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13.3.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem bandaríska fyrirtækið General Electric Company („GE“) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, full yfirráð austurríska fyrirtækinu Jenbacher með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GE: iðnaðarsamsteypa með starfsemi á ýmsum sviðum, m.a. framleiðsla á flugvélahreyflum, flutningskerfum, orkuframleiðslukerfum, plasti, ljósabúnaði, lækningatækjum og -búnaði, sem og fjölmíðlastarfsemi, fjármálaþjónusta og hugbúnaðar- og Netþjónusta,
 - Jenbacher: hönnun, framleiðsla og sala á stimpilvélum.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 68, 21.3.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3113 – General Electric/Jenbacher, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

2003/EES/15/06

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og reglna um þjónustuskrifstofur upplýsingasamfélagsins (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37 og Stjtíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

Tilkynningar um drög að innlendum tæknilegum reglugerðum sem hafa borist framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
2003-0069-DK	Drög að fyrirmælum um notkun úrgangs í landbúnaði (skolpeðjufyrirmæl)	22.5.2003
2003-0070-I	Úrskurður um viðurkenningu á opinberum greiningaraðferðum fyrir korn - Viðbætur nr. 6	26.5.2003
2003-0071-DK	Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum um merkingu o.s.frv. á lyfjum. Fyrirmæli nr. 5 frá 6. janúar 2003	22.5.2003
2003-0072-D	Reg TP SSB SE 002 – Skilflatarlýsing fyrir VHF-fjarskiptaþjónustu fyrir umferð á skipengum vatnaleiðum	27.5.2003
2003-0073-D	Reg TP SSB LA 133 - Skilflatarlýsing fyrir fjarskiptabúnað fyrir breiðbandsflutninga um staðbundin net („Wireless Local Area Networks“) á tíðnisviðunum 5150-5350 MHz og 5470-5725 MHz	27.5.2003
2003-0074-D	Reg TP SSB OR-NN 005 - Skilflatarlýsing fyrir ratsjárnúnað fyrir vindprófilmælingar	27.5.2003
2003-0075-D	Reg TP SSB OR-NN 003 - Skilflatarlýsing fyrir fjarskiptabúnað til að greina hreyfingu	27.5.2003
2003-0076-D	Reg TP SSB OR-NN 002 - Skilflatarlýsing fyrir lágafslsfjarskiptabúnað til að greina hreyfingu	27.5.2003
2003-0077-F	Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum frá 21. nóvember 2002 um brunamótstöðu byggingarvara og innréttinga	2.6.2003
2003-0078-D	Framkvæmd 1. stigs fyrirmæla um skipaferðir á Bodense (BSO) vegna leyfa fyrir vélknúna báta á vötnum í Bæjaralandi	2.6.2003
2003-0079-UK	Breyting á fyrirmælum um dýrasjúkdóma (viðurkennd sóttþreinsiefni) (Skotland) 2003	2.6.2003
2003-0081-A	Lög um bann við erfðatækni 2002 – Efra-Austurríki (Oö GTVG 2002)	4.6.2003
2003-0082-F	1 – Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum frá 29. nóvember 2000 um varmaeiginleika í nýjum byggingum og nýjum hlutum bygginga 2 – Breyting á viðaukunum við fyrirmæli frá 1. desember 2000 um að samþykja reikningsaðferðirnar Th-C og Th-E sem kveðið er á um í 4. og 5. gr. fyrirmælanna frá 29. nóvember 2000 um varmaeiginleika í nýjum byggingum og nýjum hlutum bygginga	4.6.2003
2003-0083-S	Fyrirmæli um breytingu á stjórnáslufyrirmælum sænsku náttúruverndarstofnunarinnar um verndun gegn jarð- og vatnsmengun í tengslum við geymslu á eldfimur vökvum (nú NFS 2000:4)	5.6.2003
2003-0084-GR	Drög að reglugerð um gasleiðslur úr stáli með þrýstingi sem nemur allt að 19 börum	5.6.2003
2003-0085-GR	Drög að reglugerð um gasleiðslur úr pólýetýleni með þrýstingi sem nemur allt að 4 börum	5.6.2003
2003-0086-FIN	AIR M5-10, 3. breyting. Örléttar flugvélar – lofthæfi framleiðsla, skráning og viðhald	6.6.2003
2003-0087-S	Ákvæði sænska landbúnaðarráðsins um eftirlit með salmónellu í dýrum	6.6.2003

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Á þessu tímabili er ekki heimilt að samþykka drög.

⁽³⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna þess að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki sem tilkynningarrikið þar fyrir sig.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem ráðstöfunin varðar tækniforskrifir eða aðrar kröfur í tengslum við skatta- eða fjármálaráðstafanir samkvæmt þriðja undirlit annarrar málsgreinar 11. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/34/EB.

⁽⁵⁾ Upplýsingameðferð lokið.

Framkvæmdastjórnin veur athygli á dómi frá 30. apríl 1996 í málinu „CIA Security“ (C-194/94 – Dómasafn I, bls. 2201) þar sem dómstóllinn úrskurðaði að túlka bæri 8. og 9. gr. tilskipunar 98/34/EB (áður 83/189/EBE) á þann hátt að einstaklingar geti skírskotað til þeirra fyrir innlendum dómstóli og að dómstólnum bæri skylda til að neita að beita innlendri tæknilegri reglugerð sem ekki hefði verið tilkynnt samkvæmt tilskipuninni.

Þessi dómur staðfestir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB C 245, 1.10.1986, bls. 4).

Því leiðir brot á tilkynningarskyldunni til þess að viðkomandi tæknilegar reglugerðir gilda ekki og því er ekki hægt að framfylgja þeim gagnvart einstaklingum.

Nánari upplýsingar um tilkynningarnar fást hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna sem eru taldar upp hér að aftan.

SKRÁ YFIR STJÓRNSÝSLUDEILDIR SEM ANNAST UMSÝSLU VEGNA TILSKIPUNAR 98/34/EB

BELGÍA

Institut belge de normalisation/Belgisch Instituut voor Normalisatie
Avenue de la Brabançonne/Brabançonnellaan 29
B-1040 Brussels

Me Hombert

Sími: (32-2) 738 01 10

Bréfasími: (32-2) 733 42 64

X400:O=GW;P=CEC;A=RTT;C=BE;DDA:RFC-822=CIBELNOR(A)IBN.BE

Tölvupóstfang: cibelnor@ibn.be

Me Descamps

Sími: (32 2) 206 46 89

Bréfasími: (32 2) 206 57 45

Tölvupóstfang: normtech@popost.eunet.be

DANMÖRK

Erhvervsfremme Styrelsen
Dahlerups Pakhus
Lagelinie Allé 17
DK-2100 København Ø

Hr. Keld Dybkjær

Sími: (45) 35 46 62 85

Bréfasími: (45) 35 46 62 03

X400:C=DK;A=DK400;P=EFS;S=DYBKJAER;G=KELD

Tölvupóstfang: kd@efs.dk

ÞÝSKALAND

Bundesministerium für Wirtschaft und Technologie
Referat V D 2
Villennomplerstraße 76
D-53123 Bonn

Herr Shirmer

Sími: (49 228) 615 43 98

Bréfasími: (49 228) 615 20 56

X400:C=DE;A=BUND400;P=BMWI;O=BONN1;S=SHIRMER

Tölvupóstfang: Shirmer@BMWI.Bund400.de

GRIKKLAND

Ministry of Development

General Secretariat of Industry

Michalacopoulou 80

GR-115 28 Athens

Sími: (30 1) 778 17 31

Bréfasími: (30 1) 779 88 90

ELOT

Acharnon 313

GR-11145 Athens

Mr. E. Melagrakis

Sími: (30 1) 212 03 00

Bréfasími: (30 1) 228 62 19

Tölvupóstfang: 83189@elot.gr

SPÁNN

Ministerio de Asuntos Exteriores

Secretaría de Estado de política exterior y para la Unión Europea

Dirección General de Coordinación del Mercado Interior y otras

Políticas Comunitarias

Subdirección general de asuntos industriales, energeticos, transportes,

comunicaciones y medio ambiente

c/Padilla 46, Planta 2 a , Despacho 6276

E-28006 Madrid

Mrs. Nieves García Pérez
Sími: (34-91) 379 83 32

Mrs. María Ángeles Martínez Álvarez
Sími: (34-91) 379 84 64
Bréfasími: (34-91) 575 56 29/575 86 01/431 55 51
X400:C=ES;A=400NET;P=MAE;O=SEPEUE;S=D83-189

FRAKKLAND

Délégation interministérielle aux normes
SQUALPI
64-70, alle de Bercy-télédoc 811
F-75574 Paris Cedex 12

Me S. Piau
Sími: (33 1) 53 44 97 04
Bréfasími: (33 1) 53 44 98 88
Tölvupóstfang: suzanne.piau@industrie.gouv.fr

ÍRLAND

NSAI
Glasnevin
Dublin 9
Ireland

Mr. Owen Byrne
Sími: (353 1) 807 38 66
Bréfasími: (353 1) 807 38 38
X400:C=IE;A=EIRMAIL400;P=NRN;O=NSAI;S=BYRNEO
Tölvupóstfang: byrneo@nsai.ie

ÍTALÍA

Ministero dell'Industria, del commercio e dell'artigianato
via Molise 2
I-00100 Roma

Mr. P. Cavanna
Sími: (39 06) 47 88 78 60
X400:C=IT;A=MASTER400;P=GDS;OU1=M.I.C.A-ISPIND;
DDA:CLASSE=IPM;DDA:ID-NODO=BF9RM001;S=PAOLO
CAVANNA

Mr. E. Castiglioni
Sími: (39 06) 47 05 30 69/47 05 26 69
Bréfasími: (39 06) 47 88 77 48
Tölvupóstfang: Castiglioni@minindustria.it

LÚXEMBOURG

SEE — Service de l'Énergie de l'État
34, avenue de la Porte-Neuve BP 10
L-2010 Luxembourg

M. J.P. Hoffmann
Sími: (352) 46 97 46 1
Bréfasími: (352) 22 25 24
Tölvupóstfang: jean-paul.hoffmann@eg.etat.lu

HOLLAND

Ministerie van Financiën — Belastingdienst — Douane
Centrale Dienst voor In- en uitvoer (CDIU)
Engelse Kamp 2
Postbus 30003
9700 RD Groningen
Nederland

Mh. IJ. G. van der Heide
Sími: (31 50) 523 91 78
Bréfasími: (31 50) 523 92 19

Mv. H. Boekema
Sími: (31 50) 523 92 75
Tölvupóstfang: X400:C=NL;A=400NET;P=CDIU;OU1=CDIU;S=NOTIF

AUSTURRÍKI

Bundesministerium für wirtschaftliche Angelegenheiten
Abt. II/1
Stubenring 1
A-1011 Wien

Frau Haslinger-Fenzl
Sími: (43 1) 711 00 55 22/711 00 54 53
Bréfasími: (43 1) 715 96 51
X400:S=HASLINGER;G=MARIA;O=BMWA;P=BMWA;
A=GV;C=AT
Tölvupóstfang: maria.haslinger@bmwa.gv.at
X400:C=AT;A=GV;P=BMWA;O=BMWA;OU=TBT;S=POST

PORTÚGAL

Instituto português da Qualidade
Rua C à Avenida dos Três vales
P-2825 Monte da Caparica

Mrs. Cândida Pires
Sími: (351 1) 294 81 00
Bréfasími: (351 1) 294 81 32
X400:C=PT;A=MAILPAC;P=GTW-MS;O=IPQ;OU1=IPQM;
S=DIR83189

FINNLAND

Kauppa- ja teollisuusministeriö
Ministry of Trade and Industry
Aleksanterinkatu 4
PL 230 (P.O. Box 230)
FIN-00171 Helsinki

Mr. Petri Kuurma
Sími: (358 9) 160 36 27
Bréfasími: (358 9) 160 40 22
Tölvupóstfang: petri.kuurma@ktm.vn.fi
Vefsetur: <http://www.vn.fi/ktm/index.html>
X400:C=FI;A=MAILNET;P=VN;O=KTM;S=TEKNISET;
G=MAARAYKSET

SVÍÐJÓÐ

Kommerskollegium
(National Board of Trade)
Box 6803
S-11386 Stockholm

Mrs. Kerstin Carlsson
Sími: (46) 86 90 48 00
Bréfasími: (46) 86 90 48 40
Tölvupóstfang: kerstin.carlsson@kommers.se
X400:C=SE;A=400NET;O=KOMKOLL;S=NAT NOT
POINT
Vefsetur: <http://www.kommers.se>

BRESKA KONUNGRÍKIÐ

Department of Trade and Industry
Standards and Technical Regulations Directorate 2
Bay 327
151 Buckingham Palace Road
London SW 1 W 9SS
United Kingdom

Mrs. Brenda O'Grady
Sími: (44) 17 12 15 14 88
Bréfasími: (44) 17 12 15 15 29
X400:S=TI, G=83189, O=DTI, OU1=TIDV, P=HMG DTI,
A=Gold 400,
C=GB
Tölvupóstfang: uk98-34@gtnet.gov.uk
Vefsetur: <http://www.dti.gov.uk/strd>

EFTA – ESA

Eftirlitsstofnun EFTA (DRAFTTECHREGESA)
Rue de Trèves 74
1040 Bruxelles
Sími: + 32 2 286 1811
Bréfasími: +32 2 286 1800
Tölvupóstfang: [DRAFTTECHREGESA @surv.efta.be](mailto:DRAFTTECHREGESA@surv.efta.be)